

**Sp.**

**26. Tillaga til þingsályktunar**

**[25. mál]**

um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ítrekar ályktun sína frá síðasta þingi um alfriðun rjúpu næstu 5 ár.

**Greinargerð.**

Síðasta Alþingi samþykkti samhljóða að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpuna hér á landi næstu 5 ár.

Þó að undarlegt megi virðast, hefur þetta mál verið sett undir menntamálaráðuneytið, og hefur alþingismönnum borizt bréf frá menntamálaráðherra, dags. 20. sept. s. l., þar sem neitað er að taka þessa samþykkt til greina, nema hún sé endurnýjuð á þessu þingi. Eru þær einar ástæður færðar til, sem þingmönnum voru kunnar, þá er samþykkt Alþingis var gerð á síðasta vori. Þótt leiðinlegt sé og óvanalegt að taka fyrir mál, sem svo greinilega og ágreiningslaust var samþykkt á síðasta þingi, þá neyðast flutningsmenn til að fara þá leið.